

Markmið og fjárfestingarstefna


IS Eignasafn er verðbréfasjóður og fjárfestir í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða (UCITS-sjóðir) sem fjárfesta á hlutabréfa- og skuldabréfamörkuðum. Einnig er heimilt að fjárfesta í skírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem uppfylla skilyrði 3. tölul. 30. gr. laga nr. 128/2011. Heimilt er að ávaxta eignir sjóðsins í innlendum og erlendum verðbréfum. Sjóðnum er heimilt að festa það fé, sem hann nýtir til fjárfestinga í öðrum sjóðum, að hluta eða öllu leyti í sjóðum Íslandssjóða, en að hámarki 50% af eign sinni skv. 3 mgr. 39. gr. laga nr. 128/2011.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má nálgast í útboðslýsingu og lykilupplýsingum sjóðsins á vef Íslandssjóða eða hjá söluaðilum sjóðsins.

Fjárfestingaheimildir

Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða (UCITS-sjóðir)	20-80%
Hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða skv. III kafla laga nr. 128/2011	0-30%
Hlutabréf	0-40%
Skuldabréf	0-50%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-50%
Afleiður	0-10%


Eignasamsetning




Stærstu eignir

Spariskírteini 14.4.2021	15%
IS Sértryggður VTR sjóður	12%
Íbúðabréf á gjalddaga 15.02.2024	12%
Ríkissafn - Ríkisskuldabréf og innlán	7%
IS EQUUS Hlutabréf	5%
Laust fé	4%
Óverðtryggður sjóður ÍS	4%
Hlutabréfasjóðurinn	3%
Ríkisbréf á gjalddaga 5.2.2020	3%
Ríkisbréf á gjalddaga 12.06.2025	3%
Ríkisbréf á gjalddaga 24.01.2031	2%

Ávöxtun og gengisþróun



Tímabil	Gengisbreyting	Nafnávöxtun á ársgrundvelli
1 mán	-0,2%	
1 ár	1,6%	1,6%
2 ár	5,8%	2,9%
3 ár	10,0%	3,2%
4 ár	25,1%	5,8%
5 ár	29,2%	5,3%
Frá áramótum	1,6%	



Almennar upplýsingar

Stofnár	2009
Stærð [m.kr.]	732
Tegund sjóðs	Verðbréfasjóður
Rekstraraðili	Íslandssjóðir hf.
Vörsluaðili	Íslandsbanki hf.
ISIN	IS0000019388
Auðkenni	IS EIGNS
Sjóðstjóri	Sigurður G. Gíslason
Viðskiptatími	10:00 - 15:00
Uppgjörstími	2 viðskiptadagar (T+2)
Lágmarkskaup	10.000
Lágmarksáskrift	5.000
Árleg umsónarlaun	0,50%
Kostnaður við kaup	1,5%
Afgreiðslugjald	Skv. verðskrá söluaðila

Tölfræði

Áhættuflokkun	3/7
Meðallíftími skuldabréfaeignar, ár	3,8
Verðtryggingarhlutfall	67%

Nánari upplýsingar

Íslandssjóðir hf.
Hagasmára 3, 201 Kópavogi
Sími: 440-4920
www.islandssjodir.is

Söluaðili:
Íslandsbanki hf.
www.islandsbanki.is

Fyrirvari

Fjárfestingu í verðbréfasjóðum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Eignarhlutdeild í verðbréfasjóði getur rýrnað, aukist eða staðið í stað og ber m.a. að hafa í huga áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga auk gengisflöktis gjaldmiðla þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. **Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.** Gengi sjóðsins er háð þróun á skuldabréfa- og hlutabréfamörkuðum. Fjárfestingar sjóðsins eru að jafnaði vel dreifðar og næst þannig áhættudreifing sem er til þess fallin að draga úr sveiflum í gengi sjóðsins. Eignasafn er sjóðasjóður sem fjárfestir m.a. í öðrum verðbréfasjóðum sem gefur færri á meiri dreifingu en ef fjárfest væri í sjóði sem fjárfestir eingöngu beint í einstökum skuldabréfum eða hlutabréfum. Samkvæmt lögum þurfa sjóðasjóðir að dreifa fjárfestingum sínum á a.m.k. 5 aðra sjóði og jafnframt þurfa þeir að dreifa áhættu sinni skv. tilteknum reglum. Þetta þýðir að eigna- og áhættudreifing sjóðasjóðs eins og Eignasafns er mikil. Rétt er að hafa hugfast að fjárfestingu í verðbréfasjóðum fylgir áhætta og að gengi getur lækkað jafnt sem hækkað.

Fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta eru mismunandi. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðgjafar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingakosti sem í boði eru. Ofangreind umfjöllun veitir einungis takmarkaðar upplýsingar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel útbóðslýsingu Eignasafns, sérstaklega umfjöllun um áhættur, á heimasíðu Íslandssjóða hf., www.islandssjodir.is.

Umfjöllun þessi er aðeins birt í upplýsingaskyni og skal því ekki lítið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum.

Íslandssjóðir hf., kt. 690694-2719, er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.